

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

148. fundur fræðsluráðs verður haldinn þriðjudaginn, 25. mars 2014, kl. 15.00 í fundarsal ráðhússins.

Dagskrá:

1. Umsögn um skýrslu Haraldar Línalds Haraldssonar um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur.

1. Raket Runólfsdóttir, formaður kynnti framlagt bréf þar sem sveitarstjórn óskar skriflegrar umsagnar fræðsluráðs um faglega þætti er fram koma í skýrslu og tillögum Haraldar Línalds Haraldssonar um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri og Sigurður Þór Ágústsson eru mættir til fundarins. Svöruðu þeir ýmsum framkomnum spurningum sem fram komu um efni og tillögur í skýrslu Haraldar.
Skúli, Sigurður og fulltrúar starfsmanna viku af fundi kl. 15:52

Afgreiðslur:

„Fræðsluráð telur að töluverður ávinningur sé af því að hafa skólann undir einu þaki. Með því verði skólastarf skilvirkara, meiri möguleikar á samþættingu og betri nýting verði á starfsfólki, tíma og fjármunum.

Fræðsluráð hvetur til þess að samhliða breytingunni verði seinkun á skólaakstri endurskoðuð, bílastæði fyrir framan skólann gert öruggara og að efnt verði til hugmyndasamkeppni um nýtt nafn á skólann“.

Anna Birna Þorsteinsdóttir boðaði forföll svo og varamaður hennar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:

Raket Runólfsdóttir (sign.),
Sigrún Waage (sign.)
Borghildur H. Haraldsdóttir (sign.)
Gísli G.Magnússon (sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir (sign.),